



Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.
Vorsabæjarhjáleiga
Selfoss

Dagsetning 14.11.2025
Málsnúmer MRN25110028

Undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu

Með bréfi mennta- og barnamálaráðuneytis, dags. 11. september 2025, var sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi veitt undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002, til 15. nóvember 2025.

Með umsókn, dags. 5. nóvember 2025, var óskað eftir áframhaldandi undanþágu. Fram kemur í umsókninni að samningaviðræður standi enn yfir við sveitarfélögin Hveragerðisbæ og Ölfus um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu. Dregist hafi að fá formleg svör frá sveitarfélögunum en málið sé nú í vinnslu hjá þeim.

Í 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga er að finna meginregluna um að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laganna er heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna tiltekinna ástæðna og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ráðuneytið leggur áherslu á meginreglu 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga um að í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar.

Þrátt fyrir yfirstandandi viðræður er ljóst að ekki er unnt að tryggja samfellu í barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna verði áframhaldandi undanþága ekki veitt. Því telur ráðuneytið rétt að veita undanþágu til 28. febrúar 2026.


Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að á tímabilinu verði unnið markvisst að því að ganga frá samningi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu í samræmi við meginreglu 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Ráðuneytið óskar eftir að vera upplýst mánaðarlega um gang viðræðna við Hveragerðisbæ og Ölfus á gildistíma undanþágunnar.

Þá er rétt að fram komi að sækja þarf um undanþágu að nýju fyrir 15. febrúar 2026, takist ekki að ljúka viðræðunum á tilskildum tíma.

Sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi er hér með veitt undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, til 28. febrúar 2026.

Fyrir hönd ráðherra,


Anna Tryggvadóttir


Áslaug Magnúsdóttir